

LÖG

um bókasafnsfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að kalla sig bókasafnsfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita:

1. þeim sem lokið hafa B.A.-prófi frá Háskóla Íslands með bókasafnsfræði sem aðalgrein (það er a. m. k. 60 einingar skv. núgildandi reglugerð Háskóla Íslands, nr. 78/1979, eða 3 stig skv. eldri reglugerð).
2. þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og a. m. k. 60 einingar í bókasafnsfræði við Háskóla Íslands.
3. þeim sem lokið hafa hliðstæðu prófi erlendis sé námið viðurkennt sem slíkt af yfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað.
4. þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og framhaldsgráðu í bókasafnsfræði til viðbótar.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt 3. og 4. lið skal leita umsagnar Félags bókasafnsfræðinga og fastra kennara í bókasafnsfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

3. gr.

Bókasafnsfræðingi ber að starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um bókasöfn sem í gildi eru á hverjum tíma.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum. Með mál út af brotum gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.